



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVEL  
HÖFÐATORGI

13. Nóv. 2018

Málsnr.: 2018110005

Bréfalykill: 5-4.2

Reykjavík, 9. nóvember 2018

R18110063

62470

Menningar-, íþrótt- og tómsundaráð

Tjarnargötu 11  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum***

Á fundi borgarráðs þann 8. nóvember 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn vísað til meðferðar menningar-, íþrótt og tómsundaráðs:

Flokkur fólksins vill leggja þrennt til í sambandi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn:  
1. Að öll börn á leikskólaaldri fái frítt inn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, ekki bara þau sem eru yngri en 5 ára. 2. Að ekki verði krafist sérstakrar gjaldtöku í leiktæki eins og hringekjuna 3. Að farið verði þess á leit við stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins/ÍTR að gert verði sérstakt átak í að laða gesti að garðinum um helgar sérstaklega yfir vetrartímenn.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Helga Björk Laxdal  
e.u

Hjálagt:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

**BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum - R18110063**

Flokkur fólksins vill leggja þrennt til í sambandi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn:

1. Að öll börn á leikskólaaldri fái frítt inn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, ekki bara þau sem eru yngri en 5 ára
2. Að ekki verði krafist sérstakrar gjaldtöku í leiktæki eins og hringekjuna
3. Að farið verði þess á leit við stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins/ÍTR að gerð verði sérstakt átak í að laða gesti að garðinum um helgar sérstaklega yfir vetrartímann.

**Greinargerð**

Tillögur þessar hafa ekki mikinn kostnaðarauka í för með sér. Það er mat Flokks fólksins að sá kostnaður sem hér um ræðir er auk þess vel varinn þar sem börn og fjölskyldur eru annars vegar. Þetta er einmitt sá hópur sem borgin þarf að hugsa enn frekar til þegar kemur að útdeilingu fjármagns.

Það skýtur skökku við að 5 ára börn þurfi að borga á 5. hundrað króna inn í garðinn, börn sem eru á lokaári í leikskóla. Eðlilegt væri að öll leikskólabörn fái frítt í garðinn. Hér er ekki um stóran kostnaðarlið að ræða. Eina tækið sem opið er í garðinum yfir vetrartímann er hringekja. Í hana er krafist sérstaks gjalds. Þetta þykir Flokki fólksins óþarfi. Það er eðlilegt að barn geti tekið hring í leiktækinu án þess að greiða fyrir það sérstaklega eftir að búið er að greiða gjald inn í garðinn.

Á vetrartíma eru mörg tæki lokuð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eðli málsins samkvæmt. Flestir sem heimsækja garðinn yfir vetrartímann koma um helgar. Þá er lagt til að reynt verði sérstaklega að taka vel á móti gestum og bjóða þeim sem dæmi upp á heitt kakó og kleinur í kaffihúsinu og jafnvel eitthvað skemmtiatriði. Eins og staðan er núna er afar kaldranalegt að koma í garðinn um helgar og lítið gert til að laða gesti að sérstaklega yfir vetrartímann